

FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

TÍMARIT UM STJÖRNUSAMBANDSMÁL



Jörðin, heimahnöttur vor, séð frá tunglinu.

Geimfarar, sem einir manna hafa með eigin augum séð hnött sinn úr þessari afstöðu, hafa lýst tregablöndnum tilfinningum sínum yfir því, að þessi fallegi blái hnöttur skuli vera heimkynni svo mikils misréttis og þjáninga, sem raun ber vitni.

Hvenær rennur upp sá dagur, að við getum með sanni tekið undir með Þorsteini Erlingssyni: "Aldni heimur, ert það þú orðinn svona fagur".

Útgefandi: Félag Nýalssinna
Pósthólf 1159, Reykjavík

Ritstjóri: Þorsteinn Jónsson
Úlfstöðum, Borgarfirði

UNDIR STJÖRNUM.

Stöðu breyttu, stjarna smá,
stjarna, er jörð ég kalla,
veittu minni sjón að sjá
sólnamergðina alla.

Stjörnuheims við háa sýn
hugann svörin dreymir.
Ódauðleikinn inn til míن
ofan þaðan streymir.

Skíni sól á hinar hlytt
hliðar jarðar minnar,
meðan skýrt við skyggnið vítt
skynja ég tengslin innar.

Löngun há í dimmum dal
dulduum skuggum sínum,
hátignar í himinsal
huga lyftu mínum.

Græna hvel, svo gakk á hönd
glæstum morgunljóma.
Gagnhverf nótt er grúfði um lönd,
glaðbæn lét ég óma.

Gottfried Keller.
(P.J. þýddi)

Fundargerð 1. september 1971.

Fundur settur af formanni kl. 9. Ritari las fundargerð og var hún samþykt. Lesnar voru upp umsóknir um inntoku í félagið.

Jón Grímsson, Austurbrún 4, R.
Ragnar Þorsteinsson, Álfheimum 56, R.
Jón Arason, Álfhólsvegi 58, K.
Guðrún Pétursdóttir, Heimahvammi, Blesugrós, R.
og voru þau samþykkt sem félagar.

P.G. kom með tillögu um hugmyndadóm.
Félagið veitir mér heimild til að nefna með mér sex manns í dóm til að kynna sér og ræða einstaka hugmyndir og vandamál sem upp koma með þjóðinni.

Dómendur skulu segja álit sitt á þeim málum sem rædd eru í dómi og verði þeir sammála, kallast dómarinn Heimiskviður.

Heimiskviður skal skráður og lagður fram á næsta félagsfundi Nýalssinna. Var það samþykkt. P.G. rifjaði upp ferð til Ásþildar Öfjörð og rætti var um að fara austur í Hreppa sem fyrst. Kjartan Norðdal stakk upp á því að höfð væri tafla fram á gangi þar sem menn gætu komið á framsfærí því sem þeir vildu vekja athygli á, t.d. nýrri bók, tímaritsgrein, fundum o.fl.

9 manns sátu fundinn, fundið slitið kl. 11, 30

Samúel.

TIL LESENDA NÝALS

(Þetta ávarp til lesenda Nýals birtist í Mbl. þann 9. sept. 1948, en þar sem það varð upphaf þess, að félag Nýalssinna stofnaðist, er það ekki með öllu ósögulegt né óbirtingarhæft í félagsblaðinu.)

Þó að alls annars sé nú fremur getið í blöðum og útvarpi en kenninga þeirra og hugsjóna, sem dr. Helgi Pjeturss hefir borið fram í ritum sínum, þá hygg ég að viða um land sé til fólk, sem veitt hefir boðskap hans athygli og látið sér skiljast, að þar er um hið merkilegasta mállefni að ræða. Skal hér ekki reynt að rökræða um þessar kenningar, heldur bent á, til hve mikils góðs mætti verða, að þetta fólk, sem þrátt fyrir allt trúir heilbrigðri skynsemi sinni í þessu efni, vissi meira hvað af öðru en verið hefir til þessa. En afleiðing þess virðist mér að gæti orðið ekki minni en það, að hugsjónir dr. Helga og þessa fólks byrjuðu að rætast. Hið fyrsta er auðvitað, að einhverjir láti sér skiljast hið viturlega og fagra, en framkvæmd þess getur því aðeins orðið, að um það verði einhver samtök. Vil ég nú með nokkurri vissu um sigur hins góða skora á alla þá, sem þetta lesa og verið hafa góðir lesendur Nýals og annarra rita dr. H. P., að þeir gefi sig fram við mig bréflega eða á annan hátt og þannig, að ég geti haft samband við þá og greitt fyrir samböndum við aðra þeim skoðanaskylda. Áritun míni er að Úlfsstöðum í Hálsasveit, pr. Reykholt. Bn.

P.J.

ÍSLENZK MÁLVENJA OG RÉTT HUGSUN

"Peir dreyma" og hún á einnig að dreyma vel, stóð í þýddri grein, Leyndardómar svefnsins, sem birtist í sunnudagsbl. Mbl. hinn 5. sept. sl., og er slikt ekki íslenzk málvenja. Þá dreymir samt, og hana á einnig að dreyma vel, hefði aftur á móti verið samkvæmt því, sem íslenzkir menn hafa komist að orði til þessa, og er það ef til vill ekki eintóm tilviljun, að hér á landi hefir fyrst verið komist að þeim skilningi varðandi drauma og svefn, sem í góðu samræmi er við þá málvenju. Hér á landi hefir það fyrst orðið ljóst, sem útlendir draumfræðingar eru nú eithvað að nálgast, að draumur er ekki eingöngu sjálfsköpun sofandans, heldur einnig nokkuð, sem honum berst að utan. Hugsanaflutning eða fjarhrif er nú loks farið að setja í samband við drauma, og þýðir það að sjálfsögðu hið sama og að maður sé ekki einungis gerandi, heldur einnig þiggjandi eða þolandi, þegar hann sefur. Og hvort

liggur þá ekki beint við að ætla að ekki einungis draumarnir, heldur einnig hvíldin, sem með svefninum veitist, sé á sama hátt þegin að utan, og kynni það einhverntíma að koma á daginn, að með því að gera sér það ljóst, hætti svefninn að vera leyndardómsfullur. Og nú vil ég biðja Velvakanda Mbl., að hann með því að birta þetta, veki athygli á því, að íslenzk málvenja kunni stundum að vera nær réttri hugsun og skilningi en útlend, og að meðal annars vegna þess beri að halda henni.

P.J.

NOKKUR ORÐ UM BARNALÆRDÓM Á 19.ÖLD

A stundum læðist að mér sá grunur, að hlutfallslega minni fræðsla, sé nú en áður var, um ýms áriðandi þekkingaratriði í náttúrufræði í kennslu og fræðibókum fyrir ungmanni. Satt að segja er hér þó ólíku saman að jafna á þessum lærðómstínum, með þann mikla fjölda kennslubóka í ýmsum fræðigreinum, sem út er gefinn. Þarf þar ekki annað en að líta til aldarinnar sem leið, þegar kennsla ungmannna var ekki önnur en í kristnum fræðum og útgáfa bóka því í samræmi við það. Í þessu sambandi rifjaðist nú nýlega upp fyrir mér, að í æsku barst mér í hendur bók í litlu broti, er nefnist "Lærðómsbók í evangelisk- kristilegum trúarbrögðum, handa unglungum". Bókin er 216 blaðsíður, með gotnesku letri, prentuð í Reykjavík 1859. Hún mun um skeið hafa verið fyrr skipuð til lærðóms, undir fermingu. Móðir mína tjáði mér að hún hefði lært hana. Man ég vel að hún benti mér á að lesa fyrsta kapítula bókarinnar, sem fjallar um guð og hans eiginleika. Þar stendur nærri upphafi með meginmálsletri: "Nafnið heimur merkir venjulega bæði himin og jörð, með öllu því, sem í þeim er." Strax í framhaldi af þessu, í svo kallaðri merkurgrein, þ.e. skýringargrein með smærra letri, stendur: "Auk sólarinnar og tunglsins sjáum vér á himninum mikinn fjöld af stjörnum. Meðal þeirra eru nokkrar, sem kallast plánetur, allt eins kringlóttir hnöttir, eins og vor jörð, og er ekki ólíklegt, að í þeim búi margskonar lifandi skepnur. En þær eiginlegu stjörnur eru sólir, eins og sú sem skín næst oss, og upplýsir með sama hætti hnetti þá, sem eru þeim nálægastir. Tunglið er hnöttur, eins og jörðin, sem fær eins og hún, ljós sitt frá sólinni". Á eftir kemur með meginmálsletri: "Hver, sem vill gæta skynsemi sinnar á hægt með að sjá að heimurinn hefir ekki getað orðið til af sjálfum sér, heldur en hús nokkurt eða

þorp hafi getað byggt sig sjálft, því engin sá hlutur er til, sem ekki hefir haft sína orsök, sem hann er kominn af'. - Að öðru leyti er kver þetta samið í anda gamallar guðfræði. Athyglisvert er að höfundur skuli setja þessa grein í barnalærdómsbók, í upphafi kafla um kristin fræði. Þetta sýnir að þessi andlegrar stéttar maður, er hefir verið viðsýnn, hikar ekki við að kenna það sem ofarlega hefir verið í hugum sumra fræðimanna á þessum tíma.

Latínuskólinn mun lengi hafa búið að gáfum og snilli Björns Gunnlaugssonar kennara á Bessastöðum og síðar yfirkennara í Reykjavík. Hann var maður gamall og lézt 1876. - Ekki sést hver er höfundur nefndrar bókar og hvort hún er frumsamin eða þýdd. En hvað sem um það er, þá er þetta eins og lítill ljósgeisli í myrkri frá liðinni tīð og stingur nokkuð í stúf við þögn sumra nútíma fræðibóka um þessi efni.

28. nóv. 1971.

Bjarni Bjarnason,
Brekkubæ.

FRÁSÖGN AF INGÓLFI

Á sambandsfundi 17. jan. hins nýbyrjaða árs talaði meðal annarra Ingólfur landnámsmaður, og sagði hann að ef við gætum séð hann eins og hann er nú, myndi okkur finnast á sama veg og þeim fornislendingum forðum þegar Æsir birtust þeim, að við mundum kalla þann guð sem við sæjum. Sagðist hann hafa komið á furðulega fullkomnunarleið. Spurt var hvort þegar í fyrsta framlífi hefði honum vegnað þannig, en ekki sagði hann svo vera, sagði þar hafa verið lítinn mun, þó sagði hann vígaferli hafa verið þar nokkru minni. Spurt var hvort hann hefði skilið það sem gerzt hafði, ekki sagði hann það hafa verið til fulls fyrr en síðar. Spurt var um sól og tungl, og sagðist hann hafa séð hvort tveggja, en ekki gert sér grein fyrir mismuninum. "Mest hugsaði ég um að ná völdum" sagði hann, og hefði sér orðið þar nokkuð ágengt. Þing var þar sem höfðingjar áttu með sér en enginn var yfirhöfðingi. Landið var áfast meginlandi, og líktist um sumt æskustöðvum hans, að öðru leyti landinu sem hann hafði numið. Spurt var hvernig vegnað hefði á

þeim hnerti eftir að hann fluttist þaðan, en hann sagði að þar hefði ekki orðið nóg vel, og hefði þeim ekki tekist að komast á framfaraleið. Var svo að skilja að fylgt hefði líkri stefnu og hér. Spurt var hvort einhverjir Forn-Íslendingar væru þar enn, og sagði hann þá mjög fáa orðna, en hinsvegar hefðu Íslendingar haldið áfram að flytjast í þennan stað fram eftir öldum. Eru trúarbrögð þar spurði ég og hafði þá í huga hvort trúarskipti hefðu orðið, líkt og hér. "Pað er einhver grautur" var svarað, og lauk þar með samtali okkar við Ingólf sem gengið hafði vel og greiðlega.

P.G.

ÁRÉTTINGAR

Sagt var mér frá því nýlega, að konu, sem síðla kvölds var að starfi í skóla nokkrum, hafi fundist einhver leggja hönd á öxl séð, en þegar hún þá leit við, hafi hún ekki séð neinn viðstaddan. Varð henni svo bilt við þetta, að hún þorði ekki að ljúka verki sínu án þess að einhver önnur ynni að því með henni, og þykir mér sem í rauninni sé ekki nema um eina skyringu að ræða á atburði slíkum sem þessum. Annað en sambandskynjan þykir mér sem naumast geti komið þar til greina, því að hvort-tveggja þykir mér nokkurnveginn jafnóhugsanlegt, einhver ósýnilegur og þó nærstaddir maður, sem þetta hefði gert, eða þá skynjan án veruleika. Og nú ætla ég að áréttu það lítið eitt sem ég áður hefi haldið fram, að myndir framliðinna manna, sem stundum geta komið fram um leið og ljósmyndir eru teknar af lifandi fólk, séu naumast tilorðnar nema fyrir fjargeislan. Hafði mér fyrir alllöngu skilist, að þannig hlyti að vera, og þótti mér því fengur í, er ég síðar rakst á það í spíritisku riti, (bókinni Út yfir gröf og dauða), sem styður þann skilning minn verulega. Er sá stuðningur á þá leið, að þær látinna manna myndir, sem þar var um að ræða, hafi samkvæmt athugunum bókarhöfundar, ekki getað komið inn um ljósop myndavélarinnar og þannig ekki verið ljósmyndir. Og nú ætla ég hér að auki og til áréttингar að vekja athygli á ákveðnum dænum því til stuðnings, að byrjun líkómunar sé ekki neinar skýrar myndir, sem unnt sé að ljósmynda, heldur aðeins þoka, móða eða bjarmi, og er þessi dæmi að finna í Framnýal Helga Pjeturss, ritgerðinni Björgun mannyknsins, bls. 16 - 17. Er þar á öðrum

staðnum talað um ljósan eða öllu heldur lýsandi blett, sem svo allt í einu varð að skínandi guði, en í hinum ljóspoku, sem úr varð skýr mannsmynd. Er það nokkurnveginn auðsætt, að í þessi tvö skipti hefir verið um líkamninga að ræða, og er í góðu samræmi við það sú ógurlega þrekraun, sem Helgi skynjaði, að lögð var fram, þegar guðirnir birtust.

Nýlega las ég í fyrsta sinn bækling lítinn, Dularfull fyrirbrigði eftir Einar Hjörleifsson Kvaran, og man ég þó að þessi bæklingur var til á heimili mínu, þegar ég var í æsku. Er hann gefinn út árið 1906, rétt um það leyti, sem spíritisminn var fyrst að ryðja sér til rúm hér á landi og er þess vegna engin furða, að einmitt þar hafi í sumum greinum betur verið stefnt en síðar varð. Með framkomu spíritismans hófst hreyfing varðandi merkileg fyrirbæri og merkileg málefni, og er ástæða til að vera þakklátur þeim mönnum, sem fyrstir vöktu slíkt hér. En þar sem sjálfur spíritisminn er þó aðeins misskilningur, er eðlilegt að á hann hlæðist ýmiskonar viðbótarmisskilningur, meðan leiðréttigar voru þar ekki þegnar, og er það að sjálf-sögðu vegna þess, að sannana árangri miðilstilraunanna er nú ódjarflegar haldið fram en áður var. Meðan undirstöðuskilninginn vantar, duga jafnvel ekki hinar öflugustu sannanir, þegar til lengdar lætur. Og þarna var það nú líka í þessu upphafsríti sambandsmálanna hér á landi, að ég rakst á nokkuð það, sem mér þótti fengur að. - Ég hafði áður en ég las þennan bækling verið að lesa um furðuleg högg, lyftingar, grytingar hluta og aðra slíka reimleika, og var ekki laust við, að ég kæmist í vanda varðandi skýringar á sumu því. En þarna á bls. 25 stendur þessi setning. "Sú grein var fyrir þeim gerð, (þ.e. smellum og höggum, sem fram komu á miðilsfundum), að þau kæmu fram við það, að einhver tegund af krafti frá okkur og krafti frá hinum ósýnilegu gestum rynni saman", og var mér þá komin aðalskýringin. Á sama hátt og látinna manna myndir koma fram á ljósmyndaplötu fyrir fjargeislan og fjarstjórn fram-lifenda á annari jörð, en hinsvegar fyrir kraft viðstadds miðils og áhrif þeirra, sem ljósmyndaðir eru, þannig skildist mér nú, að nefndir reimleikar yrðu til.

Á sambandsfundi, sem framför í fundarsal Nýalssinna, stjörnu-sambandsstöðinni, þann 25. okt. sl., varð mér það sérstaklega ljóst, hversu orðin eru eins og eindir, sem raðast saman, þegar hugsanir fara fram. - Ég var einhverju sinni að hugsa um, í hverju það væri falið, að maður lærir ljóð svo að hann getur lesið það án þess að skeiki. Einnig hefi ég hugsað um

það stundum, hve furðulegt það má í rauninni heita, að hin réttu orð skuli jafnan vera til staðar í vitundinni, þegar á þeim þarf að halda til þess að bera fram hugsanir, og fannst mér nú reyndar, að varðandi hvorttveggja hlyti að gilda nokkurnveginn hið sama. Minningatengsl skildist mér, að þar kæmu einkum til greina, enda má það heita nokkurnveginn auðfundið, að ljóð lærist þannig til flutnings, að hvert orð, sem mælt er fram, minnir eða kallar á hið næsta, á eftir. Og því betur sem vitundin er vakandi, því ljósari munu jafnan þessi tengsl verða og betri, og varð mér það varðandi þulutengslin sérstaklega ljóst einu sinni af því að reyna það árangurslaust undir áhrifum áfengis að fara með ljóð, sem ég þó kunni. Við sljófgun þá, sem þau áhrif ollu, rofnuðu að nokkru þessi tengsl, og var sú sljófgun þó ekki svo mikil, að ég gerði mér ekki grein fyrir þessu. Og þegar ég nú heyrði miðilinn tala á þann hátt, sem hann gerði, bera fram orðin slitrótt og á stangli, þá komu þau mér fyrir eins og eindir, sem að miklu leyti hefðu verið losaðar úr tengslum. Það sem ég heyrði, var ólikt því, þegar einhver les það, sem hann kann reiprennandi, eða þegar talað er af fljúgandi andagift. Það var eins og orðin væru slitin úr vitundartegslum sjálfs miðilsins, en þó heyrði ég, að þeim var raðað saman af furðulega miklu viti. - Að sjálfsögðu hefir þessi slitróttta framsaga stafað af skorti á sambandsorku þarna á fundinum. En var þó jafnframt því ekki ástæða til að ætla, að á annan hátt hefði ekki getað tekist að segja nokkuð það, sem mark hefði verið á takandi? Vegna þess að minninga og hugsanatengsl sjálfs miðilsins höfðu rofnað og gefið eftir, varð tal hennar slitrótt og stirt, en sú eftirgjöf eigin hugsana hans gaf hinsvegar sambandsverunni skilyrði til þess að koma fram einhverju af eigin hugsunum. Orðin, sem ég heyrði af vörum hins sofandi miðils, komu einnig frá vitund hans eða hugsanastöðvum. En röðun þeirra varð nú að nokkru samkvæm vilja og hugsun annarrar vitundar, og að mér virtist skýrari en nokkurs þess, sem þarna var viðstaddir. Svörin, sem þarna voru borin fram af vörum miðilsins, virtust mér vera svo sjálfstæð, markviss og rökrétt, að það tók fram flestum eða öllum þeim spurningum, sem þarna voru bornar fram, og þótti mér því sem miðlinum gæti ekki verið það sjálfrátt með öllu. Og nú kem ég hér enn að nokkru því, sem ég hefi eitthvað rætt um áður, og héðan bregður á nokkurri nýrri birtu.

Eins og ég tók fram hér nær upphafi, þá held ég að aldrei geti verið um skynjanir að ræða án þess að eitthvað hafi verið skynj-

að, og eru draumskynjanir þar engin undantekning. Draumur verður ekki til án þess, að eitthvað hafi gerzt og eitthvað hafi verið skynjað, og er þar ein af þeim línum, sem ég tel ástæðulaust að víkja nokkru sinni frá. Svo að framfarir geti orðið til æ aukins skilnings og þekkingar, verður að hafa fastar niðurstöður til að byggja á, eitthvað sem er ámóta örugglega víst og gangur jarðarinnar umhverfis sól og kraftur sá, sem heldur hverri einni stjörnu á braut sinni, og á það ekkert skylt við ófrelsi í hugsun, þótt fallist sé á eða hafnað á slíkum grundvelli. En þó að ég víki ekki frá þeirri vissu, að draumskynjan eigi sér aldrei stað án þess, að eitthvað hafi verið skynjað, þá er ekki þar með sagt, að sú skynjun hafi ævinlega átt sér stað, meðan draumurinn fór fram. Undirrót draums getur einnig hafa verið skynminning, upprifjun draumgjafans á einhverju, sem áður hafði gerzt, og verða sumir draumar líttskýranlegir án þess að gera sér þetta ljóst. Þannig er um langsögulega drauma og drauma, sem endurtekist hafa aftur og aftur. En auk slíkra skynminninga draumgjafans kemur mér nú í hug, að einnig geti verið um að ræða skynminningar sjálfs dreymandans eða leiðsluþegans, og að þær skynminningar hans, sem jafnan valda rangþýðingum á því, sem raunverulega var skynjað, notist þá af sambandsveru til þess að koma á framfæri einni og annarri vitneskju. Á sama hátt og mér virtist sambandsvera miðilsins notfæra sér orð og orðastöðvar í vitund hans, get ég hugsað mér, að sambandsvera dreymandans, sem ef til vill væri þó ekki aðal-draumgjafi hans, notaði sér skynminningar hans, og væri það þá nokkuð líkt og þegar framfara skyggnilýsingar hjá miðlum. Lýsingar á hlutum eða stöðum, sem við slík tækifæri koma fram, eru þá löngum aðeins viðleitni til þess að koma á framfæri einhverju, sem miðlinum tókst ekki að segja beinlínis með orðum, og kynni nú útfrá þessu að geta brugðið birtu á eðli tákndrauma eða a.m.k. gert hugsanlegt, að slíkir draumar eigi sér stað. Og nú ætla ég hér að síðustu að segja frá áreiðanlegu dæmi, sem naumast verður skyrt á annan hátt en þann, sem hér hefir verið haldið fram.

Það var að sumarlagi, þegar Þorsteinn Guðjónsson var á barnsaldri, að hann var á gangi einhversstaðar í Þingneslandi og hélt á hrífuskafti með veiðifæri á öðrum enda þess. Af einhverjum ástæðum nennti hann þá ekki að bera lengur þetta veiðitæki sitt. Stakk hann því þá niður, þar sem hann var staddur, en tók þó mið af þeim stað við eitthvert kennileiti. Þegar hann svo degi síðar ætlaði að taka skaftið, hafði það fallið niður, og fann hann

það þá ekki þrátt fyrir miðunina. Lagðist hann þá niður með þeim ásetningi að láta sig dreyma, hvar það væri, en mundi þá eftir því að hafa heyrt sagt, að óvarlegt væri að leggja sig til svefns úti.. Stóð hann þá upp aftur. En þá þótti honum ljós-bjarma bera sér fyrir augu og svo allt í einu kreppa manns-hönd með framréttum vísifingri. Hreyfðist höndin í sveig, mig minnir hann segði eitthvað um sjötta hluta úr hring, og stakkst svo niður í grasið í svo sem 20 metra fjarlægð. En er P.G. kom þangað, þá var veiðistöng hans þar, og reyndist þetta því raunveruleg tilvísun. En það, sem mér þykir þó eftirtektar-verðast, er að þar sem þessi bendandi hönd var, virðist hafa verið um að ræða skynminningu hans sjálfs. Virtist honum þar vera sama höndin og hann einhverntíma nokkru áður hafði séð málaða sem leiðbeiningarmerki í stigagangi einhvers stór-hýsis í Reykjavík. Rétt þykir mér þó að geta þess, að í þetta sinn snéri höndin ekki við honum á sama hátt og hún gerði þar.

P.J.

BJARNI BENEDIKTSSON TALAR

(Sambandið var mjög stirt a.m.k. framan af, og kann því að hafa fallið eitthvað niður og orðast ekki alveg eins og til var stefnt, en þó varla langt frá réttu. S.H.)

Komdu sæll, Sveinn.

Nákunnugur er ég nú orðinn Helga Pjeturss. Og mjög er að skýrast fyrir mér um lífskraft. Betur skil ég, hvernig sumir eru öðrum sterkari. Ekki virðist krafturinn nógur sterkur í sambandinu núna.. Yndislegt er að lifa.

Nú fara sumir að undrast, hvernig ég tala. Þeir ættu að reyna að uppgötva uppgötvanir, er H.P. gerði, og skilja, hvernig lífið er kraftur. Beindist áhugi minn áykkar hnerti meir að öðrum málum, og ekki var neitt um skilning að ræða hjá mér í þessu efni.

Helgi Pjeturss, brautryðjandinn mikli lífstefnunnar, uppgötvaði lögmál orku lífsins. Á milljónum stjarna í vetrarbrautinni eru ósköp mikil...

Það eru allir lifendur skyldir. Sá, sem ekki er í hugsun sannur, verður að gjalda þess. Öfugstreymi er margvíslegt, ef vitið vantar. Lögmál lífsorkunnar þurfa allir að skilja. Í þekkingu og skilningi á lífskraftinum öðlast maður undravert afl. Vissulega munar um bættan skilning.... Og sífellt eru allir menn á öllum stjörnum aðnjótandi magnanar.

Eitt er lögmál, sem er stórbýðingarmikið. Það lögmál er íleiðslulögmálið. Afarmikilsvert er að skilja það og þekkja, hvernig það lögmál verkar. Lögmál þetta, vinur, er stórbýðingarmikið að sé þekkt og skilið og leitast sé við að notfæra sér það svo sem mögulegt er. Eru betri tök á að skilja þetta, ef gerðar eru tilraunir og reynt að stillast til betri sambanda. Og þegar margir eru samstilltir í hugsun og góðvild, er margt sem gæti gerzt á fundum. Tilraunir gerðar í þeim tilgangi að ná fullkomnari samböndum við fullkomnari stjörnur, þurfa að vera mjög traustar. Og ef margir skilja stillilögmálið og leitast við að bæta sig og líf sitt, mun þess gæta á stórlægum furðulegan og merkilegan hátt. Þegar bættist um skilning manna og lífverni og viðleitni, mundi kraftur verða mjög stórkostlegur í tilraunum.

Eins og meiri hluti manna er enn, fáfróður um stillilögmálið og lífsambandið stjarna á milli, verður örðugt um að koma krafti fram.

Nú er ég talsvert sterkur orðinn og heldur skýrari í hugsun. Held ég, að þegar skilyrði skapast, geti ég komið leiðbeiningum ýmsum til þjóðar minnar frá öðrum hnetti.

Eitt vildi ég að lokum segja þér: Allir þeir, sem vilja skilja þetta mál, skulu reyna að lifa eins fögru og göfugu lífi og nokkur kostur er á.

Það er ekki margt, er ég get sagt þér í þetta sinn. En ég mun þó reyna síðar að tala aftur til þín og koma meiru fram.

Pakka.

Fundur haldinn í Félagi Nýalssinna.

Vertu sæll.

Álfhólsvegi 121, 3. nóv. 1971, settur af formanni kl. 9. Ritari las fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt. Rætt var um að hefja þyrfti fræðslufundi.

Þorsteinn Jónsson hvaðst vilja ræða hvað væri vísindalegt og hvað ekki. "Reyndar er ég ekki með framsöguræðu um þetta efni sagði Þorsteinn, en ef menn vilja spyrja skal ég leitast við að svara."

Urðu nú allfjörugar umræður og töluðu oft margir í einu. Virtist mér flestir eða allir sammála um, að vísindaleg undirstaða Nýjals væri sambandseðli draumanna. Í fram haldi af því var rætt um hversu nauðsynlegt það er að menn rannsaki drauma sína.

Álitið var að mönnum gengi best að átta sig ef þeim lærðist að taka eftir þeirri ósamkvæmni er rangbýðingarnar valda.

Haukur Matthíasson stakk upp á því að útbúinn yrði spurningalisti sem birtur yrði í félagsblaðinu og menn hefðu til hliðsjónar þegar þeir rifjuðu upp drauma sína. Þó fór Haukur fram á það að Samúel Jónsson tæki Páls Steinarssonar í tilrauna-nefnd, en Páll verður fjarverandi í vetur. Var það samþykkt.

FINNSKUR SAMBANDSMAÐUR

Í sveitarfélögnum St. Michels í Finnlandi býr sambandsmaður, sem dregur enga dul á þá einkennilegu reynslu, sem honum hefur fallið í hlut. Toivo Kovanen er hann nefndur, er rúmlega fertugur að aldri, hefur enga bók lesið um fljúgandi diska, og hefur ekki haft áhuga á slíkum hlutum. Aldrei segist hann hafa trúð á neitt sem kallað er yfirnáttúrulegt, en engu að síður hefur hann frá því að segja að hafa verið í sambandi við annarra stjarna menn. Þetta byrjaði með einhverjum fjarsambandsfyrirbærum, en síðar þóttist hann verða var við annarra stjarna menn, og setti hann þá fyrirbærin í samband við þá.

"Sumarið 1969 gerðist þetta í fyrsta sinn. Konan míni var farin að hátta og ég gekk út fyrir. Klukkan var milli 11 og 12 að kvöldi. Ég var að röltá í kringum húsið og horfa í kringum mig, en sá þá skyndilegamann við hornið á húsinu. Ég leit til hans og tók þá um leið eftir einkennilegum hlut utan við akurinn. Samstundis flaug mér það í hug að "nú væru þeir á ferðinni með leynilega myndavél". "Ég kastaði kveðju á manninn og hann tók undir kveðju mína. Ég spurði hann hvernig þeir hefðu komið þessu undarlega tæki fyrir þarna, þar sem ég hefði ekki heyrt neitt til þeirra. Hann svaraði á þá leið að þótt öll hús í hverfinu væru rifin til grunna, mundi enginn verða þess var, "því að allir sofa nú þungum svefní".

Ég ætlaði að fara að segja honum, að einu sinni hefði verið hús þarna sem við stóðum, mikill herragarður í gömlum stíl, - en þá var hann horfinn þaðan sem hann hafði staðið, og var nú hjá hinu merkilega farartæki sínu."

"Það var að sjá eins og stór sneið hefði verið skorin úr yfirborði þess, og gægðust þar út þrjú andlit. Verur þessar spurðu: "Ætlarðu að koma með? okkur?" Við þetta varð ég hræddur, svo ég skalf á beinunum um leið og ég sneri mér við og sagði: "Nei burt með ykkur".

Ég var sannfærður um að eitthvað dularfullt hefði komið fyrir mig, - að ég væri orðinn eitthvað "skrítinn í hausnum". Þegar ég gekk nú frá þeim án þess að gefa þeim frekari gaum, kölluðu þeir á eftir mér: "Við komum aftur, ... en á annan hátt".

Kuningas: "Í hvaða mánuði gerðist þetta?"

Kovanen: "Í júlí mánuði".

Kuningas: "Hvernig var hluturinn í hátt?"

Kovanen: "Líkastur hænueggi að lögum".

Kuningas: "Hversu stórt?"

Kovanen: "Ég hef skoðað staðinn síðan og reynt að gera mér grein fyrir hversu vítt það var sem hluturinn skyggði á... ég hugsa að það hafi verið einir fimm metrar. Ég var eitthvað tíu metra frá því. Utaná því voru nokkrir hnúðar, sem mér sýndist vera eins og járn boltahausar, á að gizka þumlunga boltar. Þeir stóðu í beinni reglulegri röð."

Kuningas: "Sástu nokkurn lendingarútbúnað á hlutnum?"

Kovanen: "Nei, ég veitti því enga sérstaka athygli, en á hliðinni var allstórt op, sem mér sýndist vera eins og skothurð. Mér brá í brún við að sjá slíkt og sneri frá. Ég var eitthvað einkennilegur með sjálfbum mér og furðaði mig á hvað þetta gæti verið". Hálfbum mánuði síðar, á sunnudegi, kom þessi óþekkta mannvera í annað sinn í námunda við Toivo Kovanen. "Ég ávarpaði nú veruna og sagði: " "Er það hér sem þú átt heima?" Ég ásetti mér að hafa fulla stjórн á mér og láta engan ótta komast að mér. Ég herti upp hugann sem ég framast mátti, og sagði við sjálfan mig að hvorki væri þetta fugl eða fiskur, heldur fjandakornið engir aðrir en þessir sömu sem höfðu heim-sótt mig áður, og að nú skyldi ég ekki láta mér úr greipum ganga að komast eftir því hverskonar verur þetta væru".

"Hann snerti mig ekki, en kom fast að mér og sagði: "Ertu hræddur?" Ég svaraði: "Nei, ekki er ég hræddur, en hvernig má þetta verða?" Hann sagðist ekki geta skýrt það, því að ég myndi ekki skilja það. Ég spurði: "Erum við margir?" Hann svaraði: "Nokkrir eruð þið". Ég átti við það hvort margir væru slíkir í Finnlandi, sem hefðu þessa reynslu.

"Nú fór hann að segja mér það, að þeir hefðu fylgzt með mér vandlega, allt frá því að ég var sautján ára gamall. Þá flaug mér í hug að þetta væri eitthvað úr andaheiminum. Ég spurði hvort bíblían væri sönn. Hann svaraði: "Bíblían... margir sannir þættir í henni, en margt mannlegt blandazt saman við, og næsta torvelt að vinza úr hið rétta sáðið". Með þessu lauk viðtali okkar í þetta sinn.

"Enn kom hann hið þriðja sinn. Þá var hann að segja mér eitt-hvað um það, að ég myndi ekki komast aftur hingað, þegar ég væri orðinn laus héðan. Ég ætti að verða einn af þeim. Þá spurði ég: "Koma þá aðrir til að taka til hendinni hér?" Hann svaraði því ekki. Ennfremur sagði hann að þeir væru aðeins á næsta stigi fyrir ofan okkur, og að til væru þeir sem eru æðri

en þeir. Lengra varð ekki samtalið að því sinni.

"Seinna - það var um veturinn, þegar systursonur konu minnar var í heimsókn hjá okkur - hringdi dyrabjallan og ég fór til dyra. Ég heyrði rödd sem kom eins og að ofan, úr eithvað fjögra metra hæð fyrir framan dyrnar, og röddin sagði: "Við komum að finna þig", á þeim degi sem hún tiltók, - "en þá verður þú að vera einn heima", bætti röddin við.

"Jæja, ég sagði konu minni að nú ætluðu þeir að spjalla við mig þennan dag", svo það er bezt að þú fáir þér eithvað til erindis við hana móður þína þennan dag." En hún neitaði og sagðist ekki fara neitt. En tveimur dögum áður en þeir komu fékk hún svo slæmt astmakast að við urðum að flytja hana á sjúkrahúsið á sunnudagsmorguninn."

"Hann kom, hinn ókunni, og sat á móti mér í hægindastólnum þarna. Við töluðum eithvað saman, en ekki margt. Hann var mest að ráðleggja mér hvað ég ætti að gera, og segja hvernig rétt væri að lifa. Mér verður veitt ýmisleg fræðsla af þeirra hendi, og að vísu svomátulega, að ég muni eiga gott með að átta mig á þeim, og geti jafnan dundað við vinnu mína á meðan.. Prennt er það sem þeir hafa sérstaklega beðið mig að minnast ekki á við nokkurn mann, ekki fyrr en að því kemur."

"Það er einkennilegt þegar veran er að tala. Ég sé varirnar bærast en það er ekki eins og ég heyri tal hennar með eyrunum. Það er eins og "hvernig á ég nú að lýsa því" eins og ég skynji það sem hún segir með öllum skilningarávitunum. Ég nem orðin á einhvern óvenjulegan hátt.

"Ég hef líka hugsað mér að ég skyldi biðja þá um sönnunargagn, einhvern hlut sem þeir gætu skilið eftir, en þegar ég er að tala við þá, er ég ekki alveg með sjálfum mér, og hef ekki munað eftir að biðja um hlutinn. Ég heyri öll umferðarhljóð utan af götunni og einnig það sem heyrrist í útvarpinu, en af sjálfum mér þori ég hreint og beint ekki að bera fram sumar spurníngar mínar. Þeir svara ekki heldur öllu og segja stundum að þeir komi að þessu síðar."

"Pessir vinir míni hafa einnig sagt mér furðulega hluti um "korginn" (orðið korgur þýðir stundum í finnsku heilann eða heilamerigginn), en um það ætla ég ekki að segja meira núna. Efnið er til einhversstaðar í mannslíkamanum, þar sem læknar vita ekki af... "Par sem allt er enn í þoku og móðu fyrir ykkar læknum", sögðu þeir.

"Til eru þrjár ólíkar tegundir farartækja sem þeir hafa ("flug-diskar"). Einn og sami hluturinn getur birzt í ólíkum myndum. "Eitt er það enn. Mér datt í hug að minnast á að til væri það að vekja mönnum drauma og ofsjónir með tilstyrk nautnalyfja. Ég spurði hvort verið gæti að einhver hefði gefið mér ofskynjunar-lyf án minnar vitundar. Hann svaraði: Þú skalt fá örugga sönnun gegn þessu. Skrepptu upp á bókasafnið hér í St. Michel. Náðu þar í bók þá sem ég nefni, og í þeirri bók á þeirri síðu sem ég nefni, stendur það sem ég tiltek. Ég lofaði þessu, og í næstu viku fór ég á safnið til að gá að því, og stóð allt heima sem þeir höfðu sagt. Ég spurði líka hvort það væri syndsamlegt að reykja, en hann hló bara að mér. Hann lagði ríka áherzlu á að ekki mætti blanda trúarlegum hugmyndum saman við þessa hluti, - en engu að síður er þar samband á milli, sagði hann.

"Pegar ég spurði hvort ég mætti segja frá því sem fyrir mig hefur komið, sagði hann að ég mætti gera það og ætti að gera það, ef ég aðeins þyrði. Reyndu að komast í samband við þá sem hafa áhuga á þessum hlutum, hverjir sem þeir eru og án nokkurra krókaleiða. Hann sagði einnig að jafnvel þótt menn tryðu mér ekki, skyldi ég segja frá, ef ég hefði hugrekki til þess."

"Ég sagði þá að ég hefði hvort sem væri enga stöðu eða titil að missa þó ég segði frá, og þetta sagðist hann vita", "en það er einmitt af þeim sökum sem svo margir þegja og dylja sig, þó að margt stórfurðulegt hafi fyrir þá borð".

"Reyndar sögðu þeir einnig að einn sem lifði hér og bar nafnið Jesúš, hefði "kaldur karl" - ef til vill notaði hann ekki nákvæm-lega þau orð - en þeir sögðu að hann hefði verið mikill persónuleiki meðal mannanna. Sjálfir segjast þeir hafa verið uppi á undan mannkyninu

Hiotanen: "Hvernig er viðhorf þitt til lífsins, eftir að þú hefur fengið að reyna eins konar æðra samband?"

Kovanen: "Þeir hafa losað mig við margt. Ég þekki engan ótta gagnvart framtíðinni, og mér bregður ekki við óvænta hluti.

Það er svo algengt meðal mannanna, að ef einhver hrópar hátt, þá hrökkva hinir við, en þetta kemur ekki á þann hátt við mig nú orðið. Hraðslan og erillinn eru horfin frá mér, og mér finnst lífið vera mér annað og meira en áður. Mestu máli skiptir að auka þroska sinn, annað hvort með því að hugleiða í einrúmi, eða í góðum félagsskap ef unnt er. Tónlist er mjög þroskandi, og þeir hafa beðið mig að hlusta á 5. symfóníu Beethovens (Örlagasymfóníuna) því að þar er margt sem á skylt við þá, þessa vini mína."

Ég er ekki á neinn hátt óánægður með líf mitt hér, enda þótt þeir hafi lofað mér áframhaldi þess í nýjum líkama. Þeir hafa sýnt mér ofur hversdagslega hluti áður en þeir komu fram, meðal annars sjúkdóm, sem í vændum var - vera sem sat þarna sýndi mér. Ég spurði hvort það væri af völdum baktería. Hann hló að mér og sagði: Þetta hefði geta orðið þér hættulegt, en við gerðum það óskaðlegt".

"Þeir hafa gefið mér í skyn að til séu menn sem séu nógum djarfir til að fara með þeim á burt. En þessi jörð er þvílikur staður ... hvernig sögðu þeir nú aftur... að mennirnir einir hafa fullkomið frelsi til að velja og hafna. Ég spurði: Hafið þið það ekki? Þeir svöruðu að ástæður nokkrar vörnuðu þeim þess. Það er svo að skilja að hvað þetta snerti séum vér menn betur settir". Kovanen bætti því við að næsta samband hans mundi væntanlega verða í júlí mánuði (1971) og muni hann þá fá að kynnast nokkru sem verulega sé umtalsvert. Hann segir einnig svo að stundum sé hans vitjað á annan hátt en þann að verur birtist. Oft berst honum það sem hann kallar "hugmyndasendingar" en það eru í rauninni myndsyningar, og taka þær um 10-15 sekúndur í hvert skipti. Myndirnar sér hann á einhverjum ljósum fleti. Á undan myndunum fær hann hljóðmerki sem gefur honum til kynna að þær séu að koma. Annarra stjarna menn hafa einnig sagt Kovanen að margir hafi lent á geðveikrahæli af því að reynt var að hafa samband við þá, og telji þeir sér hafa orðið á ýmis mistök við það að hafa samband við mannanna börn, sem þeir reyni nú að komast hjá. Þegar Kovanen spurði hvaðan þeir kæmu, fékk hann þetta dularfulla svar: "VIÐ komum úr öllum áttum".

P.G.

SKRIFAD ÓSJALFRÁTT

(Látinn faðir ræðir við son sinn).

Nú er svo komið, að ég á heima á öðrum hnetti en þegar ég skrifaði síðast. Umskiptin voru góð og samkvæmt ósk minni og allra, sem hlut áttu að málí.

Ég kann vel við mig hér og get gert ýmislegt, sem mér var ekki kleift áður, t.d. að lesa hugi annarra og sjá það sem gerist hér á jörðu betur en áður. Nú get ég t.d. fylgst með gangi himintunglanna og því, sem gerist á flestum stöðum gömlu jarðarinnar. Við hérna látum okkur annt um velferð jarðarbúa og gerum allt, sem í okkar valdi stendur til þess að auka hana.

Nú erum við hér samankomin og erum fullir eftirvætingar yfir þessu sambandi, sem er óvenju gott. - - Það er ekki gott, hvað þú virðist vera þreyttur, en það mun lagast von bráðar. Við getum sent þér kraft, ef þú vilt taka við honum. Láttu ekki hugfallast, þótt þú standir þig ekki sem skyldi. Það mun lagast.

Nú er langt um liðið síðan þú skrifaðir síðast, og vonandi verður þetta oftar. Við erum ekki í rónni, nema þú lofir því. Já, við vonum að svo verði. - - Það var gaman að hitta bróður minn. Hann var að vísu dálítið daufur í dálkinn til að byrja með, en það lagaðist fljótlega, þegar hann áttaði sig, betur og komst að raun um, að lífið heldur áfram með eðlilegum hætti. Hann hafði líka að mörgu leyti hagað sér vel með tilliti til framlífsins. Við erum ekki á sömu jörð, en getum hitzt, þegar okkur langar til. Hann segir að sig langi til þess að hafa samband við þig, en eins og sakir standa er það dálítið erfitt. Það er ýmislegt, sem hann þarf að yfirstíga áður.

Nú vil ég segja þér frá því, sem ég tel markverðast í bili. Litli Páll er orðinn frískur, (lítill sonarsonur, sem hafði verið vanheill). Og ekki er hann eftirbátur jafnaldra sinna hér. Hann man eftir ýmsu frá jörðinni, þótt margt af því sé í þoku, sem eðlilegt er. En hér er allt gert til þess að varpa ljósi á það svo að vitund hans geti orðið heilsteypari. Hann er á stjörnu, (stöð), sem sérstaklega er ætluð fyrir slík börn og fólk, sem hefir skaddast í jarðlífínu eða fengið ólæknandi andlega sjúkdóma. En brátt mun hann útskrifast þaðan, og þá mun hann þroskast og verða mikill.

Þetta er ekki hægt lengur vegna vanmögnunar.

Reyndu aftur seinna.

Gamli pabbi.

Skilaðu kærri kveðju.

Fundur haldinn í félagi Nýalssinna 5. jan. 1972 að Álfhólsvegi 121.

Formaður setti fundinn 20 mín. yfir 9 og ritari las fundargerð síðasta fundar og var hún sampykkt. Þ. G. las grein úr blaðinu Vikunni, er hét "Mesta undrabarn í heimi". Var hún um 3ja ára dreng í Kóreu sem í sumum greinum vissi eins mikið og lærdustu menn. Síðan las Þ. G. einnig niðurlag Tunglgeisla Þ. J. Ræddu menn nú nokkra stund um undrabörn og ýmsar sérgáfur.

Haukur Matthíasson sagði frá miðilfundum innan félagsins og því að nokkrir félagsmenn mundu á næstunni, með tilstyrk miðils, reyna að styrkja gertilraunirnar í Háskólanum, þar á staðnum. Ingvar Agnarsson talaði um að gott væri að halda sérfundi með miðlunum þegar tilefni væri til þess.

Kjartan Norðdal minntist á nýlega útgefna bók "Undralæknirinn og sjáandinn Edgar Cayce" og vakti það umræður um spádóma verðbréfabrask o. fl. sem bókin fjallar um.

UM "MENN OG VETRARBAUTIR" EFTIR FRED HOYLE.

Í hinni nýju bók Fred Hoyles er að finna ýmsar athyglisverðar bollaleggingar um samskipti stjörnubúa frá einni stjörnu til annarar. Útvarpsgeislinn er það samskiptatæki eitt, sem honum dettur í hug að komi til greina. Hann telur útvarpsgeislann að vísu seinan í förum, en það finnst honum ekki aðalókostur hans. "Hverju skiptir það íbúa stjarnanna þótt skilaboð séu áratugi eða árhundruð að berast". Nægur tími er frammundan, til að vitkast og þroskast. Öll þróun er hægfara. Aðalókostur rafgeislans er sá, að mjög mikla orku þarf til að senda hann milli fjarlægra staða, eins og stjarnanna. Milli hnatta í einni vetrarbraut, mun þetta þó framkvæmanlegt. Skilaboðum er hægt að koma áfram vetrarbrautina á enda, með því að hver stjarnan flytji þau áfram til þeirrar næstu. Hér væri um einskonar endurvarpskerfi að ræða. Aðeins íbúar stjarna með háþróaða tækni, geta notfært sér þessa útvarpsmiðlun. En Fred Hoyle álítur að slík þekkingarmiðlun hafi lengi verið stunduð og sé enn í fullum blóma hjá íbúum annarra stjarna. Tæknimennung okkar jarðarbúa er enn alltof skammt komin til að við getum tekið þá í þessu útvarpskerfi, eða notið fræðslu frá því.

Mestu erfiðleikar slíks útvarpssambands, eru þegar hafa skal sambönd milli vetrarbrauta, því þá eru fjarlægðir svo miklar að mjög torvelt mun að senda útvarpsgeisla um svo miklar vega-lengdir. Svo mikla orku mundi til þurfa. Eru því litlar líkur á að sambönd milli vetrarbrauta séu iðkuð. Íbúar hverrar vetrarbrautar um sig, munu því lifa að mestu einangraðir frá íbúum annara vetrarbrauta.

Hversu lágt er ekki flug Fred Hoyles í þessum hugleiðingum hans í samanburði við hinar háfleigu og stórkostlegu kenningar dr. Helga Pjéturss um samband lífsins í alheimi.

Aftur á móti álítur Fred Hoyle að ferðalög um geiminnum í farartækjum, muni ekki geta átt sér stað. Um þau efni segir hann svo:

"Gild líffræðileg rök liggja gegn langferðum um geiminnum. Ef við gætum farið slíkar ferðir, gætu það einnig aðrir. Það er alveg fráleitt að við yrðum fyrstir á þeim vettvangi. Fjöldi annara væru þegar búnir að koma hingað. Hvers vegna ættu þeir þá ekki að hafa gert það?: Þessi jarðstjarna er mjög hentugur dvalarstaður. Í rauninni hefðum við aldrei náð að þróast á Jörðinni vegna þess að Jörðin hefði orðið fullbyggð annarsstaðar frá. Sú

staðreynd, að þetta hefur ekki gerst kemur mér til að álykta að geimsiglingar séu ekki aðeins erfiðleikum bundnar, heldur óframkvæmanlegar og þetta leiðir til rökstuðnings, sem ég nota gjarnan, ekki aðeins í hugleiðingum heldur einnig í vísindalegu starfi".

Í síðasta kafla bókarinnar ræðir Fred Hoyle um framtíð mannkynsins á þessari jörð. Hann minnist t.d. á ástand mannkynsins eftir þúsund ár, þegar jörðin verður orðin svo þéttsetin, ef núverandi mannfjölgun heldur áfram, að hver maður hefur þá ekki til umráða meira en 1 fermetra lands. "En 1000 ár eru nokkuð langur tími, jafnvel fyrir stjörnufræðing" segir Hoyle, og því skulum við líta okkur nær og miða við næstu áratugi eða aldir. Enn eru til kyrrlátir blettir, þar sem hægt er að leita hvíldar og friðar frá erli og hávaða lífsins. Þessum friðarreitum fækkar þó ár frá ári, og að lokum munu þeir allir hverfa. Sama er að segja um orkulindir jarðarinnar: Fossar eru að verða fullnýttir, olía og kol verða uppurin innan skamms. Kjarnorkan mun verða afgjafi um langa framtíð. En hún getur einnig orðið til að eyðileggja mannkyn og menningu, ef óviturlega er að farið. "Er mögulegt?", spyr Hoyle, að önnur dýrategund geti þróast til vits og menningar, eftir að núverandi mannkyn og verkmennung hefur liðið undir lok. "Nei" svarar hann sér aftur" það er ekki mögulegt, af þeirri einföldu ástæðu, að núverandi mannkyn hefur þá að fullu eytt þeim orkugjafa, sem jörðin lagði því til, kol og olíu. Engin há menning getur því risið á rústum þeirrar menningar sem fyrir var."

Orðrétt segir hann (bls 62).

"Með náttúrlegu frumstæðu eldsneyti var mögulegt að lyfta menningu í þá hæð sem Grikkir og Rómverjar náðu. Til að ná hærra stigi varð að nota kol og olíu, undirstöðuaflgjafa nútíma þjóðfélags. Það er kaldhæðni tilverunnar að hvorti Grikkland eða Ítalía hafa átt kol, annars hefði framvinda mannkynssögunnar orðið öll önnur. (bls. 63). Hversu mikið af kolum og olíu getur þú hugsað þér að til sé á reikistjörnu, ekki endilega á Jörðinni, heldur á einhverri af öllum þeim urmul reikistjarna sem ég talaði um í öðrum kafla? Ég held að það fari ekki geysilangt fram úr byrgðum Jarðarinnar. E.t.v. tíu sinnum meira, þar sem skilyrði eru hagstæðust. Það leiðir af sjálfu sér að vitverur, sem þróast á einhverri jarðstjörnu, munu lenda í sama vandamálínu, eyðingu eldsneytis, eyðingu kola og olíu. Við jarðarbúar meggum reikna með að hafa eytt þessum efnum eftir eina eða tvær aldir. Við vitum nú þegar hvernig við eignum að bregðast við

þessum vanda: Við verðum að breyta orkugjafa okkar í kjarna orku, uraníum og therum. Álit mitt er að sama ástand muni skapast á öllum reikistjörnum, þar mun verða eyðing á hinum einfaldari formum, frum-orkugjafa. Flókin aflfræði, kjarnakleyf efni, verða þá að geta tekið við.

Það er langt skref frá hinni frumstæðu viðarkolabréðslu, til kjarnorkuefnisins. Okkur hefur tekist að stíga þetta skref á sex eða sjö þúsund árum. Meginhluti þessarar leiðar hefur verið farinn á tveimur eða þremur öldum. Hefðum við getað notað lengri tíma til að gera þessar uppgötvanir? Nei, það hefðum viðekki getað. Skref uppgötvananna varð að stíga mjög hratt, annars hefði öll olía og öll kol verið gengin til þurrðar, áður en kjarneðlisfræðin kæmi til sögunnar.

(bls. 64). Aðeins hraðfara þróun gat nægt hér.

Þessi einfalda athugun leiðir af sér fjölda afleiðinga. Oft hefur heyrst sagt, að ef mannkyninu mistækist gangan fram á leið, mundu aðrar tegundir taka við á þeirri göngu. Þetta er ekki rétt, að því er snertir þróun á gáfum og tækni. Við höfum þegar eða munum bráðlega hafa eytt að fullu, hinum nauðsynlegu eðlisfræðilegu afgjöfum, að því er snertir þessa reikistjörnu okkar.

Þegar kolin eru eydd, olían eydd, mikilverðar málmnámur eyddar, getur engum tegundum hversu framfærahæfar sem þær kunna að vera, tekist hin bratta og erfiða ganga frá frumstæðum lífs-skilyrðum til háþróaðrar tæknimenningar. Slík þróun gerist aðeins einu sinni. Ef okkur mistekst, þá mistekst líf í þessu sólkerfi, að svo miklu leiti sem átt er við menningarlíf. Sannleikurinn mun vera sá sami, að því er snertir önnur sólkerfi.
"Í sérhverju þeirra mun gefast eitt tækifæri, og aðeins eitt tækifæri."

Að þessu leiti er skoðun Fred Hoyle í samhljóðan við kenningu Dr. Helga Pjéturss að fari mannkynið að fullu framhjá því marki, sem því væri ætlað frá upphafi, þá verði ekki framar um menningu að ræða á okkar jörð.

Það sem á vantar hjá Hoyle er hinn yfirgripsmikli skilningur Helga Pjéturss á alheims málum.

AÐ HANDAN

19. okt. 1970.

Forngríkki: Þið Íslendingar hefir mér skilst, að sé sérstök þjóð og sú merkilegasta forstuþjóð. (Þá megum við mikið breytast, var skotið inn í). Einhvernvegginn er það nú samt, að þið hafið hér tekið forstu í málefni, sem skiptir mannkynið meiru en önnur. Þótt ekki sé þar öll þjóðin, þá er það íslenzk forysta.

Einar Benediktsson talar: Vinir, kannast munuð þið við skálðið. Þið eigið þakkar skilið fyrir ykkar merkilega starf og viðleitni. Þið eigið skilið fylgi, betra fylgi. Það eru ekki nógum margir farnir að hugsa til stjarnanna eins og þið gerið. Ég skildi ekki fyrst í stað að öllu leyti, en það leið samt ekki á löngu þar til ég fór að skilja fullkomlega (Datt þér þá nokkur íslendingur í hug, var spurt?) Ójá, ekki get ég neitað því, Helgi Pjeturss. Ég skildi hann ekki að öllu leyti, meðan ég dvaldi á ykkar hnetti. Ég taldi hann samt merkilegan. Það rifjaðist upp fyrir mér, hvernig hann skrifaði um lífið, framlífið. Í fyrstu gat ég ekki hugsað ljóst. Það var ekki fyrr en ég fór að taka eftir umhverfinu, þá fór að rifjast upp fyrir mér ýmislegt, sem Helgi hafði sagt. Ég spurði, hvort stjarnan væri í sama sólkerfi og sú, sem ég hafði verið á í frumlífi. Þetta sögðu þeir ekki rétt.

18. jan. 1970.

Halldór Halldórsson: Ég er alltaf með hugann við ykkur og stöðina. Ég vil þakka samstarf og mjög hefir þetta verið furðulegt líf. Ég er alltaf að undrast þetta og furða mig á tilverunni, hve yndislegt er að lifa. Já, ekki er ég illa staddur, heldur er ég alltaf meira og meira að eflast, og er ég nú farinn að svífa. Furðulega skemmtilegt slíkt, og er ég alltaf að hugsa til ykkar, þegar ég tekst á loft. Já, það veit ég, að þið skiljið líka. Ég hefi svo mikinn hug á að hjálpa ykkur og geta orðið ykkur að liði. Þegar ég er að reyna að senda kraft til stöðvar ykkar, skynja ég þangað um leið.

Jónmundur: Jæja vinir, mjög langar mig til að geta sagt ykkur ýmislegt héðan af hnetti mínum, og vænti ég þess, að það verði ekki langur tími þar til samband ykkar kemst á það stig, að ég geti talað það, sem mér býr í huga. En þetta er þó ekki sem verst, en betra mætti það vera. Þið þurfið að vera fleiri á þessum fundum ykkar, þá mundi styrkurinn verða meiri.

(Hafið þið 7 daga í viku?) Fastheldnir erum við menn. Við skiptum tímanum hér mjög líkt og var á jörðinni. (Hve langan vinnudag hafið þið?) Það fer eftir ástæðum, getum unnið (í lotu) mun lengur en þið eigið að venjast. Borðið þið fisk? Getum gert það, en borðum heldur ávexti. Hér lifum við ekki á dýraríkinu. (Hafið þið pólítík?) Getur varla heitið. (Rífist þið aldrei?) Þá færum við aftur á bak. Hér reyna allir að leggja gott til mála. (Hafið þið stjórnanda?) Já. (Er hann einræðisherra?) Ekki er hægt að líkja því við einræði. (Er hann í líkingu við guði?) Ekki segi ég það. En til þessa manns hugsum við öll og mögnum hann þannig og hann einnig okkur. Þetta er oftast maður, sem samkvæmt lögmálinu ætti að vera fluttur héðan burt. Hér fæðast börn og hingað koma menn frá öðrum hnöttum. (Hvað mál talið þið?) Ykkur hefir verið sagt það áður, að á þeim hnöttum, sem á framfaraleið eru og mjög fullkomín mannkyn byggja, sé talað eitt mál, guðamál, og get ég sagt ykkur það með töluverðu stolti, að mál þetta er mjög áþekkt þessu máli. (Væri þá ekki skaði, ef Íslenzkan tapaðist?) Þá yrði ekkert úr þessu sambandi.

Fundur haldinn 6. okt. 1971.

Formaður flutti, í tilefni af því að vetrarstarfið var að hefjast, erindi er hann nefndi, að stjórna mannkyninu. Urðu um það nokkrar umræður.

Haukur Matthíasson talaði um fyrirkomulag miðilsfunda, velja þyrfti sitjara, hafa suma fundi eingöngu fyrir félagsmenn, spila lag fyrir fund, hafa stjórnanda og fleira taldi hann sem reyna þyrfti til að bæta árangur á miðilfundum.

Elsa Vilmundardóttir las úr Nýal um undirbúning miðilfunda og þátt úr sambandsfundi frá 13. sept. síðastliðinn. Síðan sýndi hún yfirlitstöflu um miðilfundina, var þar fljótgert að sjá hverjir höfðu komist í samband við miðlana og hve oft hver einstakur, einnig hverjir hefðu verið sitjarar. Kjartan Norðdal sagði frá miðilfundi sem haldinn var s. l. mánudag í Keflavík og Sigríður og Ásmundur voru miðlar. Samtímis var haldinn fundur í Stjörnusambandsstöðinni þar sem Sigurður og Sveinn voru miðlar.

Haukur spurðist fyrir um hvað miðaði undirbúningi að Íslenskri stefnu í sambandi við 100 ára afmæli H. P. Var nokkuð rætt um það hvernig heppilegast væri að haga efnisvali. Kjartan Norðdal spurði fundarmenn hvort þeir hefðu áhuga á að fá góða stjörnumynd t.d. vetrarbrautarmynd til að hafa á góðum stað í fundarsalnum.

Elsa Vilmundardóttir stakk upp á því að útbúið væri skilti, með þessum orðum Nýals, það sem þúsundir milljóna hafa haldið vera líf í andaheimi eða goðheimi, er lífnið á öðrum hnöttum.

Leist mönnum vel á hvortveggja.

12 manns sátu fundinn, fundi slitið kl. 11, 15.

Samúel.

EFTIRMÁLI HEFTISINS

Ég sé nú fram á, að ekki muni geta orðið af því, að þetta 36 hefti félagsblaðsins verði 4 hefti þess á árinu 1971, og veit ég ekki, hvort það hefir nokkra þýðingu að vera að biðjast afsökunar vegna þess.

Um efni heftisins sé ég ekki ástæðu til að ræða, því að hvað eina ætti þar að skyra sig sjálft. Hinsvegar get ég ekki látið ógert að geta þess, að grein Ingvars Agnarssonar um menn og vetrarbrautir eftir Fred Hoyle hefir af einhverjum ástæðum orðið útundan hjá mér fyrir löngu, og rakst ég á hana í fórum mínum nýlega. Læt ég hana nú birtast, þó að seint sé, því að enn hefir hún að sjálfsögðu sama gildi og þegar hún var skrifuð. Gæti ég vel fallist á þetta, sem Fr. Hoyle heldur fram, að væru möguleikar til þess að ferðast á farartækjum milli sólhverfa og vetrarbrauta, hefðu slíkar heimsóknir þegar fyrir löngu átt sér stað hingað til jarðarinnar. Ennfremur virðist mér það liggja ljóst fyrir, að þótt einhver dýrategund hér hefði í sér möguleika til þess að taka við eða hefjast til menningar eftir mannkynið dautt, að þá hefðu mennirnir þegar eytt að mestu öllum möguleikum til slíkrar tæknipróunar, sem það nú stendur á. Fr. Hoyle hefir að vísu ekki borið fram neitt sambærilegt hinni nýölsku kenningu, ekkert það, sem verða mætti mannkyninu til bjargar út úr ógöngum. En kenning hans um síaukning efnisins er þó samt sem áður eins viturlegt og það er óviturlegt, að hafning allrar tilveru hafi orðið fyrir sprengingu einhverskonar alheimsbáknar efnis, eins og heimsfræðingar virðast nú hallast að margir. Má það alveg ljóst vera, að þótt sú kenning kunni að vera ekki alveg ástæðulaus, að hún er samt enn ein stórheimskan, sem á þessari öld hefir verið borin fram í nafni vísindanna, og er ekki gott framundan, ef hún á sér þar langan aldur.

En nú ætla ég að víkja að nokkuð öðru með því að láta það berast til lesenda félagsblaðsins, sem Steinunn Jónsdóttir Inge skrif-aði mér þann 23. nóv. sl. og hún hafði eftir Jakobi bróður sínum látnum: "Ég hefði verið áttavilltur, þegar yfir kom, ef ég hefði þá ekki verið búinn að marglesa Nýal dr. Helga Pjeturss. Þar er fundinn og sagður sannleikurinn, sem gott væri, að allir kynntu sér áður en komið er inn á framlífsbrautir". Og enn vildi ég hér geta eins, ef það mætti verða til einhverrar hressingar þeim, sem með svo undraverðri þrautseigju og þolinmæði hafa staðið að sambandstilraunum félagsins. En það er, að Bjarni Bjarnason á Brekku sagði nýlega í bréfi til míni, að hann bíði með eftirvæntingu framhalds á fréttum af þeim árangri þeirra, sem þegar hafi fengist og sé að fást.

Þetta fólk mætti á Stýrimannastíg 5, sunnudaginn 17. okt. 1948,
og ræddi stofnun stjörnusambandsfélagsins Nýall:

Þorsteinn Jónsson, Úlfssstöðum, Borgarfirði
Hálfdán Eiríksson, Þórgötu 17. Sími: 3828.
Sveinbjörn Þorsteinsson, Skálholtsstíg 2. Sími: 1848.
Ingibjörg Björnsson, Öldugata 19. Símar: 3610 og 7200.
Guðrún Guðjónsdóttir, Baldursgata 18.
Þorsteinn Þorsteinsson, Húsafelli, Borgarfirði. Sími: 4090.
Eggert Loftsson, Eskihlíð 12a.
Sveinn Haraldsson, Samtúni 34.
Tryggvi Guðbjörnsson, Rauðsgili, Borgarfirði.
Sigurður F. Ólafsson, Mímisveg 2a. Sími: 6274
Valdimar Guðlaugsson, Drápuhlíð 40.
Einar S. Jóhannesson, Ásvallagata 10a. Sími: 4509.
Eyþór Gunnarsson, Stórholti 41. Sími: 2111.
Jóhannes Kristjánsson, Blönduhlíð 33. Sími: 3720.
Magnús Kolbeinsson, Stóra-Ási, Borgarfirði.
Kristleifur Þorsteinsson, Húsafelli.
Hannes Guðlaugsson, Urðarstíg 8a.

Ákveðið er að hittast aftur sunnudaginn 31. október kl. 8 1/2
hjá Valdimari Guðlaugssyni, Drápuhlíð 40, Reykjavík.

Félag Nýalssinna. Stofnað 1950. Félagsstjórn:

Þorsteinn Guðjónsson, Álfhólsvegi 121. Sími 41006
Sigurður F. Ólafsson, Fálkanum Sími 84670
Samúel D. Jónsson, Fossvogsbletti 13. Sími 40383
Ingvar Agnarsson, Gúmmívinnustofunni Sími 30688
Meðstjórnendur: Þorsteinn Jónsson, Úlfssstöðum (ritstjóri),
Sveinbjörn Þorsteinsson, Skálholtsstíg 2, Haukur Matthíasson,
Laufásvegi 25, Páll Steinarsson frá IIIÍð, Egilsgötu 28.

Ritnefnd (auk ritstjóra):

Sveinn Haraldsson, Álfhólsvegi 121, Kóp.
Kjartan K. Norðahl, Bólstaðarhlíð 64, R.
Gunnar Grettißon, Rauðalæk 55, R.

Stjörnusambandsstöðin, Álfhólvegi 121, Kópavogi. Sími 40765.
Almennir félagsfundir þar fyrsta miðvikudag hvers mánaðar
kl. 9 e.h. - Umsjónarmaður: Sveinn Haraldsson.